

GJALDSKRÁ

Þjóðskrár Íslands.

I. KAFLI

1. gr.

Öll afhending, miðlun og notkun upplýsinga úr skráum Þjóðskrár Íslands er leyfisskyld og háð samþykki stofnunarinnar.

II. KAFLI

Gjald fyrir afnot matsfjárhæða og matskerfa og skráningu nýrra fasteigna.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta.

Sveitarfélög skulu greiða gjald fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda. Skal gjaldið nema 0,0060% af heildarfasteignamati í viðkomandi sveitarfélagi 31. desember ár hvert. Gjaldið skal innheimt árlega í janúarmánuði.

3. gr.

Gjald fyrir afnot af brunabótamati og kerfi því viðkomandi.

Vátryggingafélög skulu greiða gjald fyrir afnot af brunabótamati og kerfi því viðkomandi. Skal gjaldið nema 0,00021% af brunabótamati allra húseigna sem eru tryggðar hjá viðkomandi vátryggingafélagi í lok hvers mánaðar. Gjaldið skal innheimt mánaðarlega.

4. gr.

Gjald fyrir stofnun fasteignar.

Gjald fyrir stofnun nýrrar fasteignar í fasteignaskrá kr. 35.200

III. KAFLI

Gjald fyrir upplýsingar úr fasteignaskrá og þinglýsingahluta.

5. gr.

Samsetning gjalds.

Auk gjalds fyrir aðgang að upplýsingum skv. ákvæðinu í 6. gr. skal greiða einingaverð, sbr. 7., 8. og 9. gr.

6. gr.

Aðgangur að upplýsingum úr fasteignaskrá.

Gjald fyrir aðgang að upplýsingum úr fasteignaskrá er sem hér segir:	
Mánaðarlegt þjónustugjald vefþjónustu og vefuppflettingar	kr. 4.100
Stofngjald vefþjónustu	kr. 68.800
Stofngjald gagnaveitu	kr. 232.300
Gjald fyrir breytingar rafrænna skilríkja	kr. 6.900

7. gr.

Einingaverð úr fasteignaskrá.

Greiða skal einingaverð fyrir upplýsingar úr hverju svæði í fasteignaskrá. Svæðin eru:

- mannvirkja- og lóðasvæði,
- matssvæði,
- eigendасvæði.

Einingaverð er miðað við fjölda fasteigna sem óskað er upplýsinga um og tekur mið af fjölda svæða fyrir hverja fasteign. Miðað er við notkun á einu almanaksári og reiknast afsláttur þegar tilteknum fjölda fasteigna er náð.

Fjöldi fasteigna	Eitt svæði	Tvö svæði	Þrjú svæði
1 - 70.000	kr. 24	kr. 48	kr. 72
70.001 - 140.000	kr. 21	kr. 42	kr. 63
Fleiri en 140.000	kr. 18	kr. 36	kr. 54

Önnur einingaverð fyrir upplýsingar úr fasteignaskrá eru sem hér segir:

Yfirlitsmynd (yfirlit heitis)	kr.	72
Eigendasaga fasteignar	kr.	72
Breytingasaga fasteignar	kr.	72

8. gr.

Einingaverð úr þinglýsingarhluta.

- a) Veðbandayfirlit:
Gjald fyrir rafrænar fyrirspurnir úr þinglýsingarhluta er samkvæmt 24. gr. laga nr. 6/2001.
- b) Rafræn veðbandavöktun:
Mánaðargjald fyrir rafræna vöktun á breytingum á veðbandayfirliti eignar er miðað við fjölda eigna í vöktun á hverju almanaksári:

Fjöldi eigna í vöktun	Verð fyrir hverja eign
1 - 100	kr. 71
101 - 1.000	kr. 47
1.001 - 10.000	kr. 39
10.001 - 20.000	kr. 31
Fleiri en 20.000	kr. 23

- c) Rafræn endurrit skjala:
Skjalalisti (listi yfir rafræn endurrit skjala í þinglýsingarhluta): kr. 72
Gjald fyrir rafrænt endurrit skjals í þinglýsingarhluta: kr. 291

9. gr.

Einingaverð úr verðskráningargrunnum.

Gjald fyrir upplýsingar um hverja fasteign úr verðskráningargrunnum Þjóðskrár Íslands.	
Einingaverð úr kaupskrá	kr. 117
Einingaverð úr leiguskrá	kr. 117

10. gr.

Grunnupplýsingar úr staðfanga- og landeignahluta fasteignaskrár.

Grunnupplýsingar úr staðfangahluta fasteignaskrár eru án endurgjalds, en til grunnupplýsinga teljast hnitpunktar, heiti og auðkennisnúmer. Grunnupplýsingar úr landeignahluta fasteignaskrár eru án endurgjalds, en til grunnupplýsinga teljast landeignanúmer, skráð stærð, ef hún er til staðar, og hnitsett eignarmörk landeigna, ef þau eru til staðar.

IV. KAFLI

Gjald fyrir upplýsingar úr þjóðskrá.

11. gr.

Samsetning gjalds.

Auk gjalds fyrir aðgang að upplýsingum skv. 12. gr. skal greiða einingaverð og árgjald eftir því sem við á, sbr. 13. og 15. gr.

12. gr.

Aðgangur að upplýsingum úr þjóðskrá.

Greiða skal árgjald fyrir afhendingu upplýsinga úr þjóðskrá:

	Gjald fyrir starfsstöð, kr.	Gjald fyrir útibú, kr.
I. Grunnskrá þjóðskrár:		
Grunnskrá	117.200	30.000
Grunnskrá með viðbótarupplýsingum A	140.900	30.000
Grunnskrá með viðbótarupplýsingum B	234.700	30.000
II. Aðrar skrár þjóðskrár:		
Horfinnaskrá 1	30.000	26.900
Horfinnaskrá 2	44.700	26.900
Horfinnaskrá 3	111.400	26.900
Kerfiskennitöluskrá 1	15.100	7.700
Kerfiskennitöluskrá 2	25.300	7.700

Grunngjald er greitt fyrir aðalstarfsstöð og auk þess útibúsgjald fyrir hverja starfsstöð sé notandi með fleiri starfsstöðvar. Aðili sem er með rekstur innan skilgreindrar starfsstöðvar á annarri kennitölu en þeirrar starfsstöðvar skal greiða útibúsgjald.

13. gr.

Aðgangur að upplýsingum úr þjóðskrá í vefþjónustu eða uppflettikerfum.

Gjald fyrir aðgang að upplýsingum úr þjóðskrá í lokuðu uppflettikerfi, vefþjónustu, vefgátt, eða sambærilegu viðmóti er sem hér segir:

Einingaverð er samkvæmt 15. gr.

Mánaðarlegt þjónustugjald

kr. 4.100

Stofngjald vefþjónustu

kr. 68.900

14. gr.

Úrtök og vinnslur úr þjóðskrá.

Vinnsla úrtaks úr þjóðskrá er háð leyfi Þjóðskrár Íslands. Gjald fyrir rafræn afnot af nafnaskrá þjóðskrár til vinnslu úrtaksgagna og til póstdreifingar er sem hér segir:

Afsláttur er veittur eftir stærð úrtaks og reiknast þegar tiltekinni stærð úrtaks er náð, sbr. eftirfarandi töflu, en ekki er greitt einingaverð fyrir fleiri en 100.000 einstaklinga.

	Upphafsgjald, kr.	Grunnskrá, kr.	Viðbót A, kr.
Upphafsgjald (innifalið allt að 500 nöfn)	11.100		
Einingaverð 501 – 10.000		9,7	14,5
Einingaverð 10.001 – 30.000		5,5	8,0
Einingaverð 30.001 – 50.000		4,5	6,5
Einingaverð 50.001 – 100.000		3,5	5,0

15. gr.

Einingaverð fyrir upplýsingar.

Einingaverð fyrir upplýsingar úr þjóðskrá er sem hér segir:

Einingaverð fyrir upplýsingar úr grunnskrá

kr. 10

Einingaverð fyrir upplýsingar úr grunnskrá ásamt viðbótarupplýsingum A

kr. 14

Einingaverð fyrir upplýsingar úr grunnskrá ásamt viðbótarupplýsingum B

kr. 18

Einingaverð fyrir upplýsingar úr horfinnaskrá

kr. 14

Einingaverð fyrir upplýsingar úr kerfiskennitöluskrá

kr. 14

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Sérvinnsalur.

Gjald fyrir sérvinnsalur úr skráum Þjóðskrár Íslands er sem hér segir:

Einingaverð upplýsinga úr fasteignaskrá samkvæmt III. kafla.

Einingaverð upplýsinga úr þjóðskrá samkvæmt IV. kafla.

Einingaverð fyrir staðfestingu á upplýsingum

úr þinglýsingarhluta um tiltekna eign

kr. 94

Límmiðagjald/línugjald pr. stk./línu á sérvinnsalum á pdf formi

kr. 10

Byrjunargjald sérvinnslu (innifalið 2 klst. vinna sérfræðings)

kr. 41.400

Vinna umfram 2 klst. er greidd samkvæmt 17. gr.

Sé óskað eftir endurteknum sérvinnsalum skal gera um það skriflegan samning við stofnunina þar sem fjöldi afhendinga á 12 mánaða tímabili er ákveðinn. Afsláttur er veittur eftir fjölda afhendinga á tímabilinu sem hér segir en greitt er fyrir hverja afhendingu.

Fjöldi afhendinga á almanaksári	Afsláttur af reiknuðu gjaldi afhendingar
1 afhending á ári	100% gjald fyrir 1. afhendingu
2-4 afhendingar á ári	25% afsláttur af gjaldi fyrir 2.-4. afhendingu
Fleiri en 5 afhendingar	50% afsláttur af gjaldi fyrir afhendingar umfram 5

17. gr.

Tímavinna.

Tímagjald almenns starfsmanns pr. klst.

kr. 9.750

Tímagjald sérfræðings pr. klst.

kr. 14.200

Fyrir útkall eftir almennan opnunartíma er innheimt að lágmarki 4 tímar á taxta almenns starfsmanns.

18. gr.

Vottorð, uppflétting og ljósrit.

Gjald fyrir vottorð, uppfléttingu í skrá, ljósrit o.fl. er sem hér segir:

Vottorð sem krefjast sérvinnslu:

Tímagjald samkvæmt 16. og 17. gr.

Einföld vottorð úr þjóðskrá

kr. 1.300

Ítarleg vottorð úr þjóðskrá

kr. 2.750

Stök uppflétting í þjóðskrá

kr. 700

Vottorð úr fasteignaskrá

kr. 700

Afhending lista úr fasteignaskrá

kr. 700

Ljósrit pr. bls.

kr. 20

Staðfest ljósrit úr skrá

kr. 700

Einingaverð fyrir staka uppfléttingu forsjáruupplýsinga

kr. 20

Einingaverð fyrir staka uppfléttingu um vensl einstaklinga

kr. 20

Eignastöðuvottorð:

Fyrir hverja kennitölu

kr. 3.100

Viðbótargjald fyrir hverja færslu

kr. 44

Rafræn afhending vottorða:

A) Eignastöðuvottorð:

Fyrir hverja kennitölu

kr. 670

B) Stimpilgjald skjala vegna fasteigna í byggingu:

Vottorð fyrir áætlað fasteignamat fyrir fasteignir í byggingu

kr. 400

19. gr.
Skilríki.

Nafnskírteini

kr. 4.650

20. gr.

Miðlun upplýsinga úr skráum Þjóðskrár Íslands.

Miðlun upplýsinga úr skráum Þjóðskrár Íslands er óheimil nema fyrir liggi samningur um miðlun. Með miðlun upplýsinga er átt við miðlun til þriðja aðila hvort sem hún fer fram gegn gjaldi (endursala) eða ekki. Auk árgjalds er greitt fyrir upplýsingarnar samkvæmt III., IV. og V. kafla eftir því sem við á.

Árgjald miðlara

kr. 333.800

21. gr.

Vinnsla með persónuupplýsingar úr skráum Þjóðskrár Íslands.

Vinnsla með persónuupplýsingar úr skráum Þjóðskrár Íslands fyrir hönd þriðja aðila er óheimil nema fyrir liggi samningur um slíka vinnslu. Átt er við hvers kyns tölfræðivinnslu, úrtaksvinnslu eða aðra vinnslu fyrir þriðja aðila hvort sem hún fer fram gegn gjaldi (endursala) eða ekki. Auk árgjalds er greitt fyrir upplýsingarnar samkvæmt III., IV. og V. kafla eftir því sem við á.

Árgjald vinnsluaðila

kr. 49.000

22. gr.

Undanþágur frá gjaldskrá.

Þjóðskrá Íslands er heimilt að veita eftirtöldum aðilum afslátt eða undanþágur frá gjaldtöku:

- Námsmönnum sem upplýsingar þurfa egan verkefna í þágu náms.
- Opinberum aðilum sem halda skrár á landsvísu og upplýsingar eða vinnsla er hluti af gagnkvæmum upplýsingasamskiptum.
- Fjölmiðlum ef upplýsingar varða heildarfjölda eða summutölur úr skráum.
- Skráningaraðilum sem annast skráningu í skrár Þjóðskrár Íslands.
- Miðlurum Þjóðskrár Íslands 10% afslátt af gjöldum egan endursölu upplýsinga sem taldar eru upp í 7. gr. og staflið c) 8. gr. og uppfletting í lögræðisskrá og forsjárupplýsingar skv. 18. gr.

23. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 24. gr. laga, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, 6. mgr. 1. gr. laga, nr. 25/1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina, með síðari breytingum, 3. mgr. 19. gr. laga nr. 140/2019, um skráningu einstaklinga og 3. mgr. bráða-birgðaákvæðis V við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1241/2019 um sama efni.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 21. desember 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðbjörg Sigurðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2020

Leiðrétt skjal 5. janúar 2021